

Fróðlegt lof og maklegt.

I.

Mig dreyindi að eg stæði úti vetrarkvöld og virti fyrir mér himininn. Stjörnubjart var, og að visu svo, að langt bar af því sem eg hefi nokkur sinni í vöku séð. Fjölda af stjörnum var að sjá, sem skinu slórum hjartar en jafnvel hin silfur-blíkandi Venus, og ekki einungis hjartar, heldur nokkuð á annan og einkennilega unaðslegan hátt. Eg vaknaði brátt og fór að hugleiða þennan svo óvanalega góða draum, og til hverra stilli-áhrifa hann mundi vera að rekja. Mintist eg þá þess, að eg hafði daginn áður, átt nokkuð rækilegt samtal við hinn unga visindamann dr. Trausta Einarsson, sem tekið hefir doktors-próf í stjörnufræði við þýskan háskólá og einnig lagt stund á jarðfræði. Kom mér i hug, að i augum þeirra, sem kunnugt væri um náttúrulögumál það sem eg hefi fundið og nefnt stillilögmalíð (the biodynamical law of determinants), mundi það vera meir en litið lof um hinn unga visindamann ef eg segði frá draumi þessum. En eg hefi oft, þegar eg hefi getað komið því við, skrifat eittlvað um unga og byrjandi náttúru-fræðinga — og þó raunar fleiri — sem þeim gæti að liði orðið.

II.

Einnig af þeirri ástæðu er vert að segja frá draumi þessum, að hann er mjög góð hjálp til að átta sig á því mjög svo þýðing-armikla einkenni draumlífsins, sem eg hefi þó ekki orðið var við að þeir sem rannsakað hafa drauma hafi veitt eftirtekt, að oss ber nálega aldrei í drauma það sem oss er kunnugt úr vöku. Kemur vel í ljós þegar vér ihugum þetta, hversu fjarstæðleg sú kenning er, að draumar vorir séu aðallega endurminningsar; og eins, að það nær ekki nokkurri átt að halda, eins og þó flestir gera, að það sé vor eigin hugur sem skapar drauma vora. Í mikilli alfræðibók, amerískri, ef eg man rétt, má lesa þessa skilgreining á eðli drauma: „Dreams are our thoughts during sleep“: draumar eru það sem vér hugsum þegar vér sofum. Í þessum fáu orðum kemur vel fram aðalgallinn á þeirri sálfræði sem ekki er til fulls komin á framfaraleið. — Pað mætti með álika sanni segja, að stjörnurnar væru mis-sýningar vorar þegar fer að skyggja. Mundi þá stjörnufræðin skamt á veg komin, ef svo væri litið á.

Svefninum má líkja við naflastreng sem tengir oss við uppsprettu lífsins. En jafnframt þeim tengslum, sem hér á þessum útjaðri lifheims sem vér byggjum, eru miklu ófullkomnari en skyldi, verða margvisleg tengsl sofendanna á milli, sem eru eins og forboði sambands þess og samstillingar sem á að verða milli lífsins í alheimi (Hyperzoon-kenningin). En í þessum forðboðatengslum á draumlifið upptök sín. Ber oss hér á jörðu í drauma, meir eða minna glögglega, það sem íbúar annara stjarna lifa, og er því rétt að tala um draumgjafa. En stillilögnumálið kemur fram í því, að áhrif þeirra sem menn umgangast eða hitt, ræður miklu um það hver draumgjafinn verður, og eins um það hversu fullkomið sambandið verður. Kemur þó einnig til greina hið almenna ástand hugsana og tilfinninga þar sem vér dveljum, hið almenna afslvæði. En draumur þessi sem eg hefi hér getið um, hygg eg sé til orðinn fyrir samband við draumgjafa sem eg hlaut fyrir áhrif frá dr. Trausta Einarssyni. Er því likast sem draumgjafi sá hafi átt heima á jörð i stjörnuþyrringu slikri sem er hinn frægi sólnahópur í stjörnumerkinu Hercules (M. 13). Hafa þar hnappast saman sólir svo miljónum skiftir, og margar sem eru

mörgum sinnum bjartari en vor sól. En þó að frá jörð vorri að sjá virðist um hnött myndaðan stjörnuhnapp að ræða, þá er svo langt á milli sólnanna í þyrringu þessari að frá jörð við einhverja sól í þyrringunni, eru hinar ekki sem sólir að sjá heldur sem undursamlega bjartar og þéttar stjörnur, líkt og mér virtist í draumnum. Peim sem gesa vilja gætur að sliku, mun ekki veitast erfitt að átta sig á því, að í draumi sjá þeir annan stjörnuhiminn en þann sem heim er kunnur úr vöku, og enn fremur landslag, jurtagróður, menn og dýr, öðruvísí en það sem til er hér á jörðu. Er þar að ræða um fullkomlega óyggjandi sannanir fyrir svefn-sambandi voru við íbúa stjarnanna.

19. nóv.

Helgi Pjeturss.

Vís 21 nóv.
1939